

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 15/97  
frá 26. mars 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður  
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á  
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 57/96 frá 28. október 1996<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 142/97 frá 27. janúar 1997 varðandi skil á  
upplýsingum um tiltekin skráð efni eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE)  
nr. 793/93<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 143/97 frá 27. janúar 1997 varðandi  
þriðju skrána yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins  
(EBE) nr. 793/93<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 12g (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar  
94/643/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 25, 28. 1. 1997, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 25, 28. 1. 1997, bls. 13.

„12h. 397 R 0142: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 142/97 frá 27. janúar 1997 varðandi skil á upplýsingum um tiltekin skráð efni eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 (Stjtið. EB nr. L 25, 28. 1. 1997, bls. 11).”.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12e (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- 397 R 0143: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 143/97 frá 27. janúar 1997 (Stjtið. EB nr. L 25, 28. 1. 1997, bls. 13).”.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 142/97 og 143/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

C. Day

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner